




## Sæmundargata 15 - 19 - Bílastæði / Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Alvotek, dags. 24. janúar 2024, ásamt bréfi, ódags., um að heimilt verði að leggja á svæði fyrir utan inngang hússins lóð nr. 15 við Sæmundargötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Deiliskipulagsbreyting frá 2022

Skissa af vettvangi sem fylgdi fyrirspurn

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun er Bergþórugata 1 skilgreind innan íbúðarbyggðar (ÍB11). Önnur starfsemi en íbúðarbyggð er heimil en er háð þeim ákvæðum sem koma fram í þróunaráætlun miðborgar sem var innlimuð í samþykkt Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Vísindagarða frá 2011, með seinni tíma breyting vegna stækkunar skipulagssvæðisins, fyrirkomulags bílastæða og sameiningu lóða, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þ. 2. desember 2016, og loks breytinga vegna fyrirkomulags þakhæðar á lóðinni, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þ. 29. júní 2022.

### Umsögn

Óheimilt er að aka, stöðva og leggja bifreiðum á gangstéttum og hjólastígum og því augljóst að ekki er hægt að skilgreina umrætt svæði sem bílastæði. Ekki er hægt að sérmerkja bifreiðastæði í borgarlandi ákveðnum einstaklingum, stofnunum eða fyrirtækjum nema í undantekningartilfellum. Háskóli Íslands hefur gefið út að stefnt sé að hefja gjaldtöku á bílastæðum í haust sem eru á þeirra forræði og mun Reykjavíkurborg fylgjast með og bregðast við ef/þegar notkun stæða er umfram þau viðmið sem getið er um í verklagsreglum við innleiðingu nýrra gjaldsvæða.

Til upplýsinga - viðmiðin eru að bílastæðanýting sé að jafnaði 85% á þeim tímum sem eftirspurn er í hámark, þ.e. af hverjum 20 stæðum sé að jafnaði u.þ.b. þrjú stæði laus. Framkvæmdir eru reglulegar talningar á nýtingu bifreiðastæða og er ákvörðun um breytingar á gjaldskyldu byggðar á þeim talningum.

### Niðurstaða

- Neikvætt. Ekki er fallist á erindið.